

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 22. janúar 2010



STJÖRNUR Í STÓRVERKUM

LEIKARAHJÓNIN BJÖRN THORS OG UNNUR ÖSP STANDA
FRAMMI FYRIR VIÐBURÐARÍKASTA ÁRI FERILS SÍNS

+ HVAD ER AÐ GERAST UM HELGINA? + BERNDSEN SLÆR UPP „EIGHTIES“-BALLI
Á SJALLANUM + FLOTTUSTU KJÓLARNIR Á GOLDEN GLOBE

HARÐDISK FLAKKARI

Kr. 19.950



1TB

WD Elements

1TB flakkari með hjóllátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

WD

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

á döfinni um helgina

SIGRÚN LILJA GUÐJÓNSDÓTTIR SKÓHÖNNUÐUR

Ég ætla að byrja helgina á að dekra aðeins við karlinn á bónda-daginn. Þar að auki ætla ég að hvíla mig vel á milli þess sem ég ætla að hanna á mig kjóla sem ég tek svo með mér út til að vera í á tískuvikunni í New York!



Stórleikur Þorsteins Gunnarssonar

Enginn vafi leikur á því að Þorsteinn Gunnarsson stelur senunni í uppsetningu Vesturports á Faust í Borgarleikhúsinu. Þorsteinn, sem er einnig menntaður arkitekt, hefur ekki stigið á svið í tíu ár en þá var hann í Kristnihaldi undir Jökli. Meðal þess sem Þorsteinn hefur afrekað á arkitektasviðinu er einmitt bygging Borgarleikhússins við hlið Kringlunnar. Athygli vekur hversu högvær Þorsteinn er gagnvart fjölmíðlum en hann hefur afþakkað að koma í viðtöl við alla stærstu fjölmíðla landsins.

Þetta HELST

Fullt hús listamanna

Opnun á sýninguna Ljósítlifun í Hafnarhúsinu síðasta föstudag var afar vel sótt og var stútfullt af falletu fólki sem kom til að sjá verk listamanna Sigtryggs Berg, Þórdísar Aðalsteinsdóttur og Gabríelu Friðriksdóttur.



Gestir nutu þess að súpa á léttvíni og hlusta á hressandi tóna DJ Musician. Straumurinn frá Hafnarhúsinu stefndi svo beint yfir á barinn Bakkus þar sem goth-stemming sveif yfir vötnum í afmæli Sólveigar Pálsdóttur myndlistarkonu. Meðal þeirra sem skemmtu sér á Bakkus voru Davíð Örn Halldórsson, Gabríela Friðriksdóttir, Krummi Björgvinsson og Anna Clausen.

Óli Ofur verður að stjórn

Ljóst er að auglýsingaherferð fyrir plötusnúðinn Óla Ofur hefur gengið vel. Plaköt af hinum dularfulla Óla skreyttu vegg borgarinnar og baksíðu Fréttablaðsins til að auglýsa kvöld á NASA um síðustu helgi og má með sannri segja að Óli þessi hafi orðið að hálfgerðri súperstjórn í kjölfarið en trúðfullt var á kvöldinu þar sem fólk steig trylltan dans við minimalískt teknó.



Berndsen heldur upp á afmæli sitt með stæl

Stefnir í trylling á Sjallanum

Ég fæddist einmitt þann 23. janúar árið 1985 og ákvað að fagna tuttugu og fimm ára afmæli mínu með stæl," segir tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen sem heldur útgáfutónleika á Akureyri á laugardagskvöldið. Plata Davíðs, *Love in the Dark*, hefur fengið mikla spilun í útvarpi og augljóst að popp undir áhrifum níunda áratugarins höfðar sterkt til ungs fólks í dag. „Ég hef alltaf sótt mikið í þesa falletu „eighties“-tóna,“ útskýrir Davíð sem kallar sig Berndsen. „Fer ekki allt endalaust í hringi, bráðum fer tíska tíunda áratugarins að komast aftur í tísku,“ segir hann og hlær. En af hverju að halda tónleika á Akureyri? „Mamma er frá Hrísey, pabbi er frá Akureyri og ég fæddist þar og var þar í nokkra mánuði sem smábarn,“ útskýrir hann. „Ég var búinn að heyra svo margar sögur um Sjallann að mér fannst tilvalið að fagna því að verða hálfimmtugur með því að halda ball þar. Mér fyndist líka skemmtilegt ef fólk myndi mæta með sannkallaðan „eighties“-fíling og jafnvel dressa sig upp í tilefni kvöldsins.“ Ekkert útlit er fyrir snjó um helgina fyrir norðan og því ekkert tækifæri til að skella sér á skíði. „Það er því eina vitið fyrir alla þá námsmenn sem ætluðu á skíði að skella sér bara á djamma á Sjallanum,“ segir Davíð. Honum til liðsauka á laugardagskvöldið eru hljómsveitir Retro Stefson og Oculus og forsala verður í Imperial á Glerártorgi og það kostar þúsund krónur inn.



Vona að fólk mæti í „eighties“-fíling Davíð Berndsen segir eina vitið að djamma á laugardaginn þar sem snjóinn vanti í brekkurnar.

- amb

FÖSTUDAGUR MÆLIR MEÐ

Sýningu Maríu Dalberg, Bjarkar Viggósdóttur og Hörpu Rúnar Ólafsdóttur í Crymo Galleri sem opnar á laugardagskvöldið en þær verða með vídeóverk, skúlptúra og innsetningar.

Tónleikum Insol í Havaríi á laugardaginn klukkan 16. Frumsamin lög eins og „Hvenær á Íslandi mun rísa stjörnusambandsstöð?“ Einstakur og einlægur.

Noodle station á Skólavörðustígnum var að opna á ný. Dásamlega matarmikil og ódýr súpa sem lætur alla falla í stafi.

Verkinu Bráðum hata ég þig eftir Sigtrygg Magnason í Nemendaleikhúsinu í Smiðjunni sem var frumsýnt í gær.



Leiðsögn hjá einkabjálfa Gunnar Már útskýrir hvernig mataræði hefur bein áhrif á aukna líkamsorku.

Stútfullt á lúxusnámskeið:

Skynsemi, ekki skyndilausnir

Heilsuræktarstöðin Nordica Spa á Hilton-hótelinu á Suðurlandsbraut er farið af stað með sín vinsælu lúxusnámskeið en þau hafa verið sótt af mörgum þekktum Íslendingum. „Flestir eru að ná mjög góðum árangri en aðaláherslan á námskeiðunum er þó ekki að léttast skyndilega heldur að fólk líði almennt betur og geti tileinkað sér heilbrigðari lífsvenjur,“ útskýrir Ragnheiður Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Nord-

ica Spa. „Skammdegið orsakar líka orkuleysi og slen og með breyttu mataræði og hreyfingu vaknar fólk hressara og finnur ekki fyrir þreytu síðdegis og á kvöldin. Það hefur verið fullt í nánast alla hópana frá því um árslok 2008 og margir sem taka eitt námskeið koma aftur á annað,“ segir Ragnheiður. Þátttakendur eru undir leiðsögn fimm daga í viku og fá þar að auki góða fræðslu varðandi mataræði og næringu.

- amb

augnablikið



ÓLÉTT OG SÆT Ofurfyrirsætan Claudia Schiffer gengur með þriðja barn sitt og er nú komin fjóra mánuði á leið. Hér sést hún á gangi um Nottingham Hill-hverfi Lundúna í gær.

NORRÆNA HÚSIÐ Í KVÖLD 21:00 1500ISK

WILDBIRDS & PEACEDRUMS + HILDUR GUÐNADÓTTIR


föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsiðumynd Vallgarður Gíslason Ristjóri Anna M. Björnsson Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

RISA-

ÚTSALA ELLINGSEN

DEVOLD 20-50% AFSLÁTTUR



DEVOLD ACTIVE

dömu og herra
XS-XXL

Hrindir frá sér raka og heldur líkamanum þurrum og heitum jafnvel þótt flíkin sé blaut af svita eða snjó og frostið fari niður í -20°C.

DEVOLD EXPEDITION

dömu og herra
XS-XXL

Tveggja laga fatnaður, bæði lögin úr merínóull. Heldur líkamanum heitum og þurrum þótt frostið fari niður í -50°C.

DEVOLD MULTI SPORT

dömu og herra
XS-XXL

Einfaldur og léttur ullarfatnaður úr hreinni ull sem lagar sig fullkomlega að líkamanum. Miðast við -10°C.

DEVOLD ACTIVE BABY

fáanlegt í bleiku og bláu
Stærð 56-98

Einfaldur ullarfatnaður úr léttri merínóull sem einangrar gegn kulda og eyðir raka.

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opíð mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630
Opíð mánud.-föstud. 8-18, laugard. 10-16

 **Ellingsen**

- fullt hús ævintýra

Útlit

* Rauði dregillinn



HEILBRIGÐ OG LJÓMANDI HÚÐ

Genefique-æskuvakinn frá Lancôme er byltingarkennd nýjung í baráttu við hrukkurnar. Þetta magnaða krem breytir ásýnd húðarinnar á nokkrum vikum.

Stílhreinir kjólar slá í gegn á Golden Globes:

SVART OG FÖLBLEIKT VAR MÁLIÐ



Glámur fyrri tíma Leikkonan Drew Barrymore mætti í glæsilegum Versace-kjól.

Sitt sýnist auðvitað hverjum um tísku og var kjólasýningin á Golden Globe-verðlaunahátíðinni engin undantekning. Slúðurpressan hafði aðallega gaman af skærlytum og flegnum kjólum og að gera grín að söngfuglinum Mariuh Carey sem gekk aðeins of langt í að sýna myndarlega brjóstaskoru. Tískubíblían Vogue birti þó grein í fyrradag þar sem einföld snið voru dásömuð og leikkonurnar Nicole Kidman, Drew Barrymore og January Jones fengu fullt hús stiga fyrir háklessa síðkjóla í svörtu eða fölblleiku. Hér má sjá fallegustu síðkjóla Golden Globe-hátíðarinnar, að mati Vogue og Föstudags.

- amb



Laxableikt Maggie Gyllenhaal í skemmtilegum kjól eftir Roland Mouret.



Silfrað og einfalt Hin fallega Angela Jolie í kjól frá Armani.



Silkklædd Stjarnan Nicole Kidman skein skært með rauðan háralit og silkkjól frá Nina Ricci.



Svart og elegant Leikkonan January Jones í gullfallegum svörtum Lanvin-kjól.



Fölblleikt og fallegt Emily Blunt í rómantískum síðkjól frá Dolce & Gabbana.



Glæsileg Carey Mulligan sló í gegn með þessum gullfallega kjól frá Nina Ricci.

PRODERM™

Skjótverkir hjálpar fyrir þurra og viðkvæma húð

Lagar strax, kláða, roða, varaburkk og sviða. Húðin verður mjúk og rakafyllt. Engin fituáferð, lyktarlaust.

Vörn gegn ertandi efnum á pH1-pH12

Hlífir húð barna, þolir munnvatn, nefrennsli og pappírþurrkur.

Klínískar rannsóknir staðfesta árangur, CE-lækningavara

Fæst í apótekum



www.celsus.is

Gott sjampó og næring skipta öllu máli:

Heilbriggt og gljáandi Hollywood-hár

Oft er heilmikið vesen að halda hárinu heilbrigðu því ef það er litað eða blásið og slétt reglulega tapar það glansi og verður þurrt, slitið og illmeðfærilegt. Á þessum árstíma er sérstaklega mikilvægt að nota næringu og djúpnæringu, því kalt og þurrt loft og hár hiti á ofnum innandyra getur valdið usla. Það er jafn mikilvægt að verja hárið gegn mengun og frosti og það er fyrir húðina.

Einar rómuðustu hárvörur heims eru Kérastase frá L'Oréal. Hollywood-stjörnurnar nota Kérastase Nutritive-vörurnar óspart enda gera þær kraftaverk á litað og þurrt hár og endurheimta fyrri gljáa. Sjampóið er einstaklega milt og nærandi og Nutrid-efense-maskinn er ráðlagður bæði fyrir þurrt hár og hársvörð. Sérstök nýjung í Kérastase-vörnum er frábær næturnæring sem gengur inn í hárið yfir nóttina án þess að harðna og veitir því stórfenglegan gljáa um leið og það byggir upp illa farið og skemmt hár.



Næringin skiptir máli Leikkonan Demi Moore er með sitt, heilbriggt og gljáandi hár.

- amb

snyrtivörur
15-50%
afsláttur

Kertastjakar
70%
afsláttur

Goa hilla
40%
afsláttur

Útsala

Skilrúm
40%
afsláttur

70% afsláttur
áður frá 290,-
nú 87,-



40% afsláttur
áður 9.990,-
nú 5.994,-



40% afsláttur
áður 13.990,-
nú 8.358,-



50% afsláttur
áður 27.900,-
nú 13.950,-



40% afsláttur
áður 15.900,-
nú 9.540,-



30% afsláttur
áður 19.900,-
nú 13.930,-



40% afsláttur
áður 9.900,-
nú 5.940,-



40% afsláttur
áður 4.900,-
nú 2.940,-



30% afsláttur
áður 26.900,-
nú 18.830,-



30% afsláttur
áður 24.900,-
nú 17.430,-

Kerti
20%
afsláttur



40% afsláttur
áður 24.900,-
nú 14.940,-



30% afsláttur
áður 19.900,-
nú 13.930,-

the
PIER Útsalan kemur á óvart
allt á 15-70% afslætti

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



Mörg andlit Unnur Ösp Stefánsdóttir og Björn Thors eru ekki bara leikfélagar heldur líka hjón. Þau kunna að bregða sér í hin ýmsu líki, eins og sjá má á fjölbreytilegum hlutverkum sem þau leika um þessar mundir í leikhúsi- um höfuðborgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VIÐBURÐARÍKASTA ÁR LEIK

Á meðan **Unnur Ösp Stefánsdóttir** sýnir á sér óvæntar hliðar í hlutverki hinnar saklausu Grétu í **Faust** æfir eiginmaðurinn, **Björn Thors**, stíft fyrir metnaðarfulla uppsetningu á **Gerplu**, sem verður frumsýnd í febrúar. Í samtali við Föstudag ræða þau meðal annars um framtíðina í leikhúsinu og eftirminnilegustu hlutverk hinn helmingsins.

Viðtal: Hólmfríður H. Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

Þessa dagana væri engin vanþörf á klónun fyrir hjónin Unni Ösp Stefánsdóttur og Björn Thors. Unnur leikur eitt aðalhlutverkanna í uppfærslu Vesturports á Faust í Borgarleikhúsinu, sem er um þessar mundir sýnt oft í viku fyrir fullu húsi. Þar að auki leikur hún í Fjölskyldunni, sem ekki síður en Faust hefur fengið prýðisdoma og verið sýnt fyrir fullu húsi um nokkurt skeið. Eins og þetta sé ekki nóg

standa nú einnig yfir tókur á sjónvarpsþættinum Rétti, sem Unnur leikur í og svo er hún að hefja æfingar á Dúfunum í Borgarleikhúsinu.

Víkjum þá að Birni. Nú standa yfir sýningar á Brennuvörgunum í Þjóðleikhúsinu, sem Björn leikur eitt aðalhlutverkanna í. Á daginn æfir hann stíft fyrir Gerplu, leikriti sem byggt er á stórverki Halldórs Laxness, í leikstjórn Baltasars Kormáks.

Hittast þau nokkurn tímann, hjónin? „Við mergsjúgum bara þær fáu stundir sem við höfum,“ segir Unnur Ösp, sem er mætt á undan eiginmanninum til fundarins. Hann er á æfingu í næsta húsi, í Þjóðleikhúsinu. „Á svona annatímum eru gæðastundirnar okkar þegar við erum heima hjá okkur. Kvöld í sófanum og góður matur er algjör lúxus. Þá er enginn hversdagsleiki í gangi og maður nýtir samverustundirnar bara betur.“

Sonurinn Dagur fær að vera hjá ömmum sínum og öfum þegar foreldrarir eru í leikhúsinu. „Ef við ættum ekki svona hjálpsama og góða foreldra veit ég satt best að segja ekki hvernig ástandið væri. Við höfum verið svo lánsóm að hann hefur ekki þurft að vera í pössun úti um allan bæ, því heimili þeirra eru eins og annað heimili fyrir hann. Og þótt tarnirnar séu langar þá kemur á móti að

við erum í löngu fríi á sumrin og á milli sýninga. Þá fer hann minna á leikskólann og er bara að dúlla sér með okkur.“

ÁTÖK Á ÆFINGUM

Nú kemur Björn stormandi inn, með glóðarauga á hægri auga. „Bara smá slys á æfingu,“ segir hann og fær sér bita af fisknum sem Unnur hefur pantað fyrir hann, enda ekki nema hálf tíma æfingapása og enginn tími til að hanga yfir matseðlinum. Unnur er afslappaðri þetta hádegðið, enda í andlegum undirbúningi fyrir átök kvöldins.

Faust er engin venjuleg leik-sýning, enda Vesturport heldur óvenjulegur leikhópur. Sýningin reynir verulega á líkamlega burði leikaranna, ekki síður en leikhæfileikana. Það er enda áberandi við bæði Unni og Björn hvað þau eru í góðu líkamlegu formi, lipur og virðast troðfull af orku. Þetta einkennir marga þá leikara sem koma að sýningum Vesturports, enda teygir sviðið sig oftar en ekki upp um vegg, ofan í gólf og upp í loft og leikararnir með. Æfingafærlíð fyrir Faust snerist því um líkamsrækt, ekki síður en að læra línurnar. „Þetta var náttúrlega lúxus fyrir letiblóð eins og mig, sem nennir aldrei í líkamsrækt. Það er erfitt að leggja svona mikið á sig líkamlega uppi á sviði en um leið einfaldar

það manni aðgang að tilfinningum sínum. Með fullri virðingu fyrir raunsæisdrama er það gefandi og mikið kikk að hanga sveittur á hvolfi að tala um að maður sé sjúk- ur í einhvern, tilfinningarnar verða stærri og sannari. Unglingarnir til dæmis elska þetta. Þeim finnast trixinn og sjóvið svo skemmtilegt og um leið erum við að kynna heims- bókmenntirnar fyrir nýrri kynslóð. Það að það skuli vera uppselt á tut- tugu sýningar á Faust finnst mér afrek og var alls ekki fyrirséð.“

SPILLA GÓÐA STELPAN

Unnur leikur hina ljúfu og góðu Grétu í sýningunni. Að leika hjartahreina og góða manneskju, reyna að túlka í henni blæbrigðin og glæða hana lífi segir hún mikla áskorun. Lesendur sem eiga eftir að sjá verkið og vilja ekki láta spilla fyrir sér ættu ekki að lesa næstu setningu: Í verkinu spillist hin góða Gréta og drepur meira að segja bróður sinn fyrir ástina. „Þessi sena var ákveðin tveimur dögum fyrir frumsýningu og koll- varpaði karakternum. Það er svo mikið kikk að vinna svona. Þó að frumsýningin sé búin erum við hvernig nærri hætt að þróa verkið. Gísli Örn leikstjóri er svo skapandi og spennandi leikstjóri, hann er stöðugt leitandi og opinn fyrir hug- myndum frá hópnum. Umfram allt er hann þvífkt inspirerandi og ögr-

andi og krefur mann um að gera hluti sem maður hélt kannski að maður gæti ekki. Við ætlum að halda áfram að þróa sýninguna og eigum vonandi eftir að sýna hana um allan heim.

Þetta er í fyrsta sinn sem Unnur æfir verk frá grunni með Vestur- porti, þótt hún hafi verið viðloð- andi hópinn og stokkið inn í sýn- ingar af og til. Meðal annars léku þau Björn í Hamskiptunum í heil- an vetur í Bretlandi. „Ég var him- inlifandi að vera beðin um að vera með, því það er allt annað mál að taka þátt frá upphafi. Og ekki verra að það skyldi vera Faust. Allir hafa skoðun á Faust! Þess vegna kemur mér eiginlega á óvart hvað við höfum fengið jákvæða gagnrýni og viðtökur. Þetta er heilagt verk, mjög flókið og við erum að leika það á einum og hálfum tíma.“

STYTTIST Í FRUMSÝNINGU

Björn er ekki með í uppfærslu Vesturports á Faust. Er ekki pinulítið leiðinlegt að vera ekki með? „Jú, mann langar alltaf að vera með í hópnum þegar maður sér flotta sýningu,“ segir hann. „Og þetta er frábær sýning.“ Hann hefur þó nóg af krefjandi verkefnum til að einbeita sér að sjálfur. Gerpla á hug hans allan en eftir er alla daga fyrir frumsýningu eftir tæpan mánuð. „Það er auðvitað mikið í húfi. Gerpla Laxness byggir á Fóst-

ERTU ORKULAUS?
Viltu finna orkubreytingu
STRAX!

Énaxin total er frábær jurtaformúla með Rhodiolu ásamt dagskammti af vítamínum og steinefnum
Þægilegt, aðeins 1 tafla á dag

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.

bak við tjöldin
* * *



Unnur Ösp

Besti leikari allra tíma: Meryl Streep og Philip Seymour Hoffman.

Eftirlætisleikverk: Hver er hræddur við Virginíu Wolf? eftir Edward Albee og Ég er meistarin eftir Hrafnhildi Hagalín.

Land sem þú átt örugglega eftir að heimsækja: Langar að ferðast um heimsálfurnar Afríku og Suður-Ameríku. Á það pottþétt eftir.

Leynd perla í Reykjavík: Litla húsið mitt og Kaffismiðjan Frakkastíg.

Fallegasti staður á Íslandi: Ásbyrgi.

Fyrirmynd þín í lífinu: Allir sem láta eitthvað gott af sér leiða, láta drauma sína rætast og reyna að bæta heiminn á einn eða annan hátt.



* bak við tjöldin



Björn Thors

Besti leikari allra tíma:
Þetta er erfið spurning...

Eftirlætis leikverk:
Ég á mér hvorki uppáhalds-
leikara né uppáhaldsleikverk.
Ég verð að jata það.

Land sem þú átt örugglega
eftir að heimsækja:
Það gæti til dæmis verið
Argentína og reyndar Suður-
Ameríka öll.

Leynd perla í Reykjavík:
Lítið kaffihús sem heitir Mar-
engs og er á annari hæð í
Listasafni Íslands. Þar má fá
súpu í hádeginu, ævintýra-
legan eftirrétt á eftir og
njóta sýninga Lista-
safnsins á sama
tíma.

Fallegasti staður á
Íslandi:
Ég er einlægur að-
dáandi Snæfellsness



og ver þar drjúgum hluta af
hverju sumri.

Fyrirmynd þín í lífinu:
Fjölskyldan mín.



KFERILSINS

bræðrasögu og okkar verk byggir aftur bæði á Gerplu og ákveðnum hlutum úr Fóstbræðrasögu.

Það er örugglega snúið verk að setja verkið á auðskiljanlegt mál, enda bjó Laxness í raun til nýtt tungumál fyrir Gerplu. „Stundum þarf maður að lesa síðurnar í Gerplu nokkrum sinnum til að átta sig á því hvert er verið að fara. Inn á milli eru svo orð sem maður hreinlega skilur ekki. Það er erfitt að ætla að segja 500 manns þessa sögu og þess vegna þurfum við að rýna í textann og skýra hann. Það er heilmikið verk en það er ekki hægt að setja skáldsögu beint á svið. Leikhúsið verður að fara höndum um efnið og móta það upp á nýtt. Í því ferli gerist auðvitað margt sem áhorfendur geta ekki séð fyrir,“ segir Björn, sem er sannfærður um að verkið eigi eftir að vekja mikla athygli.

MARGT ANNAÐ EN LEIKLIST

Þau Unnur og Björn kynntust í leikfélagi MH en voru þá bæði búin að vera á sviði frá því að þau voru krakkar. Ef frá eru skilin nokkur mótþróaár hjá Unni, þar sem henni þótti leiklist glötuð, hafa þau því bæði alltaf viljað vera leikarar. En þau eru þó hvorugt á því að þau vilji vera leikarar alla ævi.

Unnur: „Við erum þannig fólk að við erum alltaf að spá í hvað við ætlum að verða þegar við verðum stór. Eins og við erum heppin og ánægð með þetta starf, þá ætlum við ekkert endilega að eldast í leikhúsinu. Ég hef aldrei séð fyrir mér að ég muni leika lengi. Það er einhver ólga í mér, þörf fyrir að prófa meira og læra meira. Ég hef verið að leikstýra líka og hef áhuga á að vera meira í því. En við Bjössu eigum þetta samt einu sinni í viku: Hvernig verður framtíðin?“

Björn: „Það eru ekkert mjög margir sem ílengjast í leikhúsinu. Ef þú horfir yfir senuna erum við Unnur akkúrat núna á hápunkti hvað aldurinn varðar. Við erum á þeim aldri þar sem flestar rullur eru í boði. Eftir nokkur ár verður það ekki þannig og þá er þetta bara dálítið einfalt dæmi um framboð og eftirspurn. Ætlar maður að fara að berjast um rullurnar eða á maður bara að fara að gera eitthvað annað?“

Unnur: „Við erum alla vega samála um að um leið og okkur fer að

leiðast hættum við að leika.“

Björn: „Þetta er einmitt lykilsetningin. Um leið og þú missir ástríðuna hlýturðu að vilja færa þig. En á meðan þetta er svona skemmtilegt og við erum að vinna með góðu fólki, vinum okkar, og takast á við ögrandi verkefni, þá auðvitað ílengist maður.“

EFTIRMINNILEG HLUTVERK

Þau hafa fylgst með hvort öðru takast á við fjölda hlutverka frá því á menntaskólaárunum. Er eitt-hvert hlutverk sem hitt hefur leikið sem þeim þykir alveg sérstaklega eftirminnilegt?

Unnur: „Þegar við vorum saman í leikfélaginu í MH lék Bjössu þroskaheftan mann á geðveikrahæli. Hann lék það svo vel að það héldu allir að hann væri þroskaheftur í alvöru og þeim fannst frábært að leikfélagið skyldi hafa þroskahefta strákinn með í leik-

ritinu. Þótt ótrúlegt megi virðast féll maður nú fyrir honum þarna. Það sem mér finnst heillandi og sexí við fólk eru hæfileikar. Þarna sá ég strax hvað hann er góður leikari.“

Björn: „Já, þarna toppaði maður sig, sextán ára gamall. Síðan hefur leiðin legið hægt og rólega niður brekkuna... En ég man hins vegar vel eftir Unni í hlutverki Dottie í uppsetningu okkar á Killer Joe, þar sem við lékum í fyrsta sinn stór hlutverk á móti hvort öðru. Leiklist snýst svo mikið um að kasta brothættu glerkúlu á milli sín. Ef hún dettur niður og brotnar sjá það allir. Þess vegna geta leiksenur verið svo mikill línudans. Kannski var það af því við þekkjumst svo vel og það ríkir svo mikið traust á milli okkar, en það var óhemju skemmtilegt að vinna þessa sýningu og mér fannst Unnur glansa í hlutverkinu.“



Það er óþarfi að eldast um aldur fram

Dr. Earl Mindell:
“Hver sem er á að geta haft útlit og líðan fyrir að vera 5-15 árum yngri en hann er.”

Aukið álagsþol og jafnvægi, dregur úr streitu, vær svefn og léttari lund.

Næring fyrir DNA og RNA starfsemi frumanna. Hefur áhrif á teygjanleika og stinnleika líkamans. Góður árangur við síþreytu, vefjagigt og vöðvabólgu



ORIGINAL FORMULA FROM 1989 HIGHEST QUALITY

Gréta Mörk, hjúkrunarfr. 54 ára: Eftir langvarandi vanlíðan prófaði ég Life Extension. Strax á fyrsta glasi leið mér verulega betur. Þrek og lífsþróttur hefur aukist stórum, ég sef betur og þoli miklu meira álag. Er léttari og jákvæðari í skapi og er orðin félagslyndari. Mér finnst ég vera áratugum yngri. Húðin er orðin mýkri, hrukkurnar færri og frískari yfirbragð. Ég mun taka Life Extension inn áfram.

Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og Frihöfninni.
2 mánaða skammtur · www.celsus.is

tíðin

* hönnun og heilsa



ÚTSALA Í FULLUM GANGI Nú er hver að verða síðastur til að gera frábær kaup á íslenski hönnun. Í Fabelhaft á Lauga-vegi er til dæmis hægt að fá fallegar spangir frá Thelmu með 40 prósentu afslætti.

MYNDAVÉL Kærastinn minn gaf mér nýverið þessa myndavél og er ég einstaklega spennt fyrir að hella mér út í að næra ljósmyndunaráhugamálið þegar prófkjörstörnin er yfirstaðin.

TOPP 7

KJÓLLINN Upphaldsflíkin mín er þessi grái kjóll sem ég er í á myndinni. Hann er úr versluninni Birnu á Skólavörðustíg.

HVÍTT OG BLEIKT MÁLVERK Málverk eftir Guðrúnu Einars sem systir mín gaf mér þegar ég útskrifaðist úr lögfræði og mér finnst fallegt og róandi.

PELS Systir mín gaf mér þennan pels fyrir milljón árum. Hún keypti hann í Sádi-Arabíu, eflaust af einhverjum glæpamönnum.

FLASKA MEÐ H-I Sumarið 2000 vann ég sem sjálfbóðaliði í flóttamannabúðum í Serbíu. Einn gamall maður í búðunum gaf mér þessa flösku og hafði hann smíðað saman þetta H inni í flöskunni.

HILDUR SVERRISDÓTTUR
lögfræðingur

HÁLSMEN Hundana keypti ég í New Orleans þar sem ég var að taka þátt í hátíðarráðstefnu vegna 10 ára afmælis alþjóðlegu V-dags-samtakanna sem var ótrúleg upplifun. Þar var einblint á stöðu kvenna í náttúruhamförum eins og þeim sem dundu yfir New Orleans. Hundarnir eru úr plasti, en ég setti þá á silfurkeðju og nota mjög mikið sem finasta púss.

SVART/HVÍT MYND Þetta er mynd af mömmu minni, Rannveigu Jóhannsdóttur, þegar hún var 18 ára og var sjónvarpsstjarna í Stundinni okkar. Myndina, sem er prentuð á viðarplötu, þykir mér sérstaklega vænt um og hún hefur fylgt mér lengi.

Í TOPPEFORMI
MEÐ RÉTTU MATARÆÐI

HÓLMFRÍÐUR

Hólmfríður Magnúsdóttir, landsliðskona í fótbolta er á leið í atvinnumennsku í Bandaríkjunum.

Hólmfríður býr sig nú undir atvinnumennsku í Bandaríkjunum. Hún velur **hollan, ferskan og framandi** mat á **SAFFERAN** til að halda sér í toppformi. Við erum stolt af að styrkja eina af okkar **fremstu íþróttakonum.**

SAFFERAN

GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Lambakjöt með tzatziki.

Ný bók um mataræði

Heilsuráð frá öllum heimshornum

Bandaríski heilsugúrúinn Harley Pasternak var að gefa út bók sem hefur vakið mikla athygli vestanhafs. Bókin sýnir nefnist The 5-Factor World Diet og fjallar um alls kyns sniðug ráð sem varða heilsu og mataræði og hafa þróast í hinum ýmsu löndum heims. „Feitasta þjóð heims er Bandaríkjamenn og ég ákvað að einblína á hvað aðrar þjóðir eru að gera rétt, í staðinn fyrir að skoða hvað við erum að gera rangt,“ segir Pasternak. „Ég uppgötvaði að einn hollasti matur í heimi er fiskur. Japanar eru ein heilbrigðasta þjóð í heimi og þeir borða mikinn fisk. Einnig passa þeir regluna „hacha bume“ sem þýðir að borða aðeins þar til þeir eru 70 prósent saddir í stað þess að belgja sig út af mat eins og við gerum.“ Pasternak segir Frakka passa að borða staðgóðar og hollar máltíðir og borða ekkert milli mála, Grikkir og Kínverjar eru með holla smárétti í stað nokkurra þungra rétta og Spán-

Borðið meiri fisk Heilsugúrúinn Harley Pasternak er með skynsamleg heilsuráð í nýrri bók.

verjar og Ítalir leggja sig iðulega síðdegis sem er víst mjög gott því að stressað og þreytt fólk borðar meira en góðu hófi gegnir. Hann bætir við að Frakkar og Ítalir fari ekki endilega í ræktina en hafi vanið sig á að ganga á milli staða eða fá sér góðan göngutúr eftir málsverð og eðlileg hreyfing sé hluti af lífi þeirra. Bókin fæst á Amazon.com

- amb



Námskeið

Garðyrkja og garðhönnun
Arkitektúr og skipulag



Við bjóðum upp á fjölbreytt námskeið á vorönn 2010

Innritun í síma 578 4800 eða á www.rit.is

■ Við erum við símann um helgina.



Matjurtaræktun

■ Námskeið um ræktun matjurtar sem hægt er að rækta utanhúss hér á landi, sáningu, umhirðu og notkun þeirra.
Tvö mánudagskvöld 25. jan. og 1. feb. kl. 19-21:30.
Verð kr. 12.800.-
Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingar.

Ræktun ávaxtatrjáa

■ Námskeið um ræktun ávaxtatrjáa og val á hentugum yrkjum sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Eitt mest spennandi námskeið í garðyrkju um árabíl.
Tvö miðvikudagskvöld 27. jan og 3. feb. kl. 19-21:30.
Verð kr. 12.800.-
Leiðb: Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingur.

Kryddjurtir

■ Námskeið um ræktun kryddjurtar og notkun þeirra í matseld.
Mánudaginn 1. feb. kl. 17-18:30.
Verð kr. 3.900.-
Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingar.

Ræktun berjarunna

■ Námskeið um ræktun berjarunna og -trjáa sem henta hér á landi.
Miðvikudaginn 3. feb. kl. 17-18:30.
Verð kr. 3.900.-
Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingar.

Klipping trjáa og runna og víðinytjar

■ Hvers vegna þarf að klippa tré og runna, hvenær og hvernig.
Miðvikudaginn 24. feb. kl. 19-21:30.
Verð kr. 7.900.-
Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingar.



Maður og umhverfi

■ Fjallað um umhverfissálfræði á breiðum grunni og mikilvægi hennar þegar hönnun og skipulag er annars vegar.
Mánudagskvöld 15. mars kl. 19-21:30.
Verð kr. 7.900.-
Leiðb: Páll Jakob Línal nemi í umhverfissálfræði



Leiðbeinendur á námskeiðunum eru:

Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur, Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingur, Hlédis Sveinsdóttir arkitekt, Gunnar Bergmann Stefánsson arkitekt, Björn Jóhannsson landslagsarkitekt og Páll Jakob Línal doktorsnemi í umhverfissálfræði.

■ Við bendum á að mörg verkalýðsfélög endurgreiða hluta af námskeiðsgjöldum.

Garðyrkja

Arkitektúr



Sumarhús frá draumi til veruleika

■ Námskeið um skipulag, hönnun, efnisval og skipulagning framkvæmdar. Hagkvæm sumarhús sem byggja má í áföngum.
Tvö mánudagskvöld 25. jan og 1. feb. kl. 19-21:30.
Verð kr. 12.800.-
Leiðb: Hlédis Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson arkitektar.

Umhverfi og skipulag

■ Þriggja kvöld námskeið um skipulag og gildi þess. Hvert stefnum við í skipulagi borgarinnar.
Þrjú miðvikudagskvöld 10. 17. og 24. feb. kl. 19-21:30.
Verð kr. 18.750.-
Leiðb: Hlédis Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson arkitektar.

Handbók húsbýggjandans - frá hugmynd til veruleika

■ Fjallað um byggingu húsa frá upphafi til loka framkvæmda, skipulag, hönnun, hugsun, byggingaleyfi og efnisval.
Tvö mánudagskvöld 8. og 15. feb. kl. 19-21:30.
Verð kr. 12.800.-
Leiðb: Hlédis Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson arkitektar.



Einn, tveir og tré!

■ Plöntuval og garðskipulag, skjólmyndun með gróðri o.fl.
Miðvikudaginn 27. jan. kl. 17-18:30.
Verð kr. 3.900.-
Leiðb: Björn Jóhannsson landslagsarkitekt.

Skipulag og ræktun í sumarhúsalandi

■ Val á trjágróðri, jarðvegsbætur, skjólmyndun, skipulag, göngustígagerð ofl. fyrir sumarhúsaeigendur, landeigendur og skógræktendur.
Tvö miðvikudagskvöld 27. jan. og 3. feb. kl. 19-21:30.
Verð kr. 12.800.-
Leiðb: Auður I. Ottesen garðyrkjufr. og Björn Jóhannsson landslagsarkitekt.

Skjólmyndun í gördum

■ Nokkur atriði við skjólmyndun, mat á skjólsvæðum og áhrif girðinga og gróðurs á skjól í gördum og við sumarhús.
Miðvikudaginn 3. feb. kl. 17-18:30.
Verð kr. 3.900.-
Leiðb: Björn Jóhannsson landslagsarkitekt.

Garðhönnun

Upplýsingar

Hvar?

■ Námskeiðin eru haldin í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, 111 Reykjavík.

Skráning

■ Skráning og nánari upplýsingar eru í síma 578 4800 og á www.rit.is og á netfangið rit@rit.is



Merkurlaut ehf
Hamrahlíð 31
105 Reykjavík
Sími 578 4800

CHANEL

Rannsóknarstofa Chanel kynnr ávöxt síðustu uppgötvunar sem beinist að öldrun húðarinnar, með úrvali af virkum kremum sem vinna á hrukum frá rótum þeirra. Í ULTRA CORRECTION LINE REPAIR línunni frá Chanel er Serum, dag- / næturkrem og augnkrem. SERUMID er það virkasta í Ultra Correction Line Repair línunni. Þetta einstaka serum örvar framleiðslu kollagens svo húðin yngst sjáanlega og hratt með notkun þess. DAGKREMIÐ inniheldur seramið sem verndar húðina gegn umhverfisáhrifum og veitir henni raka. Mýkt og teygjanleiki húðarinnar eykst og hún fær aukinn ljóma.



SÓLEY EYGLÓ

Hreinræktuð næring með vorrósarolíu og handtíndum villtum íslenskum jurtum. Ríkt af andoxunarefnum, ómissandi fyrir þurra þreytta og líflausa húð. Nærir húðina og dregur fram náttúrulegan ljóma hennar.



Fæst í lyfjaverslunum og heilsubúðum.

MÁDARA –MOONFLOWER TINTING FLUID:

Mádara litaða dagkremið gefur hraustlegan blæ, lýsir upp og gefur andliti og hálsi raka. Jafnar húðlitinn og kallar fram frískleika og útgeislun. Létt og aðlagast hvaða húðtegund sem er. Mádara kremi eru gerð úr náttúrulegum efnum og laus við tilbúin rotvarnarefni (ss. paraben) eða önnur skaðleg efni. Litaða dagkremið fæst einnig í dekkri tón – Sunflower tinting fluid.



AUBREY LUMESSENCE LIFT:

Andoxandi CoQ10, hafraprótein sem dregur úr hrukmyndun og kollagen kraftur úr þörungum er sameinað í þessu náttúrulega silki-mjúka og léttu kremi. Árangurinn: sléttari, stinnari og mýkri áferð húðarinnar á nokkrum vikum.



Fæst í Heilsuhúsinu.

DEKRAÐU VIÐ HÚÐINA

Föstudagur fór á stúfana og fann öll nýjustu og mest spennandi kremin til að nota á andlit og kropp í skammdeginu



DÖMULÍNAN:

NIMUE vörulínan er nýjung á Íslandi. Hún inniheldur hámarksstyrk virkra efna til uppbyggingar, endurnýjunnar og til viðgerðar á húðinni. Umboðsaðili vörunnar er Heildverslunin Hjólur ehf og fást vörurnar í Snyrtiakademiunni, snyrtistofunni Hjá Jónu Hamraborg og snyrtistofunni lít Dalvík.



HERRALÍNAN:

Herralína frá Ella Baché!..Óflugt gott rakakrem sem vinnur gegn öldrun og „roll on“ augngel. Mikil virkni og einfalt í notkun. Umboðsaðili vörunnar er Heildverslunin Hjólur ehf og fást vörurnar í Snyrtiakademiunni, Hamraborg 1, s: 553-7900.



HYDRATIONIST - MAXIMUM MOISTURE CREME

Vissir þú að of þurr húð sýnir fyrr merki um ótímabæra öldrun. Hydrationist er nýtt rakakrem sem kemur í allar Estée Lauder verslanir eftir helgi. Húðin helst mettuð af raka allan daginn. Rannsóknir sýna að 100% þeirra kvenna sem notuðu Hydrationist upplifðu samstundis velliðan í húðinni sem varð samstundis silkimjúk, slétt og rakamettuð. Þessi áhrif endast allan daginn.

Snyrtiakademián , Hjallabrekkun 1, s: 553-7900
www.hjolur.is & www.snyrtiakademian.is .



HELENA RUBINSTEIN PRODIGY RE-PLASTY PEEL

vörurnar eru hannaðar í samvinnu við LA CLINIC MONTREUX í Sviss. Þær eru hágæðahúðslípun sem vinnur gegn öldrun húðarinnar. Þær henta fyrir allar konur 35 ára og eldri, sem vilja endurheimta fullkomin gæði húðarinnar, eða draga úr hrukkum, sléttu ójöfnur á yfirborði hennar og eyða brúnum blettum og litabreytingum. Eftir 15 daga fæst sami árangur og eftir einn tíma í húðslípun hjá La Clinic Montreux. Auk þess eru virk efni í vörunum sem hafa mismunandi virkni gegn öldrun og sem gefa vernd gegn UVA/UVB geislum og sindurefnum og gefa góðan raka. Sjáanlega dregur úr hrukkum og blettum og húðin fær einstakan ljóma. Línan samanstendur af maska algengt verð 13.960 kr., dagkremi 50 ml 31.960 kr. og næturserumi 30 ml 23.200 kr.

LANCÔME ABSOLUE PRECIOUS CELLS LÍNAN

byggir á nýjstu stofnfrumurannsóknum. Lúxuskremin henta konum sem vilja vinna markvisst gegn öldrun húðarinnar, djúpum hrukkum og skorti á þéttleika og ljóma auk þess að vernda hana gegn UV geislum og utanaðkomandi áreitum. Það hentar vel fyrir þroskaðar konur frá 50 ára aldri. Á aðeins 6 dögum endurheimtir húðin yfirhúð ungrar húðar. Húðin verður þéttari, verulega dregur úr hrukkum og hún öðlast aukinn ljóma. Algengt verð: Absolue Precious Cells dagkrem 50 ml 22.960 kr., næturkrem 24.860 kr. og augnkrem 12.960kr.



LANCÔME GÉNIFIQUE ÆSKUVAKI

er afrakstur 10 ára þrotlausra rannsókna og er framleiddur með 7 einkaleyfum. Génifique Æskuvakinn byggir á genarannsóknum. Nú bætast við línuna dagkrem og augnkrem. Með reglulegri notkun Génifique Æskuvakans er starfsemi genanna örvuð til að framleiða æskuprótein og það hefur verið vísindalega sannað að húðin verður sjáanlega unglegri á aðeins 7 dögum og öðlast gæði ungrar húðar. Það dregur úr línun og húðin verður jafnari, rakafyllt og dúnamjúk. Þéttleiki, teygjanleiki og ljómi aukast og húðin verður sjáanlega unglegri. Línan hentar konum frá 30 ár aldri. Algengt verð: Génifique æskuvaki 30 ml 15.400 kr., dagkrem 50 ml 11.960 kr. og augnkrem 15 ml 8.600 kr.



IRIS MOISTURE CREAM 30 ML

Létt og mjúkt rakakrem fyrir venjulega húð, Íris jurtin er mjög rakagefandi og hentar því vel á þurr svæði, rakinn í jurtinni hefur einnig hreinsandi áhrif á feit svæði. Gott 24 tíma krem, gott undir andlitsfarða. Unnið úr lífrænt ræktuðum jurtum, án aukaeftna Verð frá Kr. 2.800

Fæst í heilsubúðum og apótekum.



LANCÔME FLASH BRONZER ANTI AGE

Viltu nota sjálfbrúnandi andlitskrem, en jafnframt vinna gegn merkjum öldrunar jafnframt því að þétta og stinna húðina. Þú þart ekki lengur að nota 2 krem, því Flash Bronzer anti age frá Lancôme gerir allt þetta. Um leið og húðin fær fallegan sólarlysstan lit minnka línur og húðin verður stinnari og vel rakafyllt allan daginn. Einnig veitir kremið vörn gegn sindurefnum og hefur vörn UVA/UVB SPF 15 án þess að vera feitt eða oliukennt. Kremið er auðvelt og þægilegt til daglegra nota og dregur ekki fram línur. Algengt verð 8.900 kr.

YOUTH SURGE NIGHT

Hægðu á öldrun húðarinnar með sirtuin tækni sem nýja Youth surge næturkremið hefur og örvar húðina til sjálfsviðgerðar. Línur og hrukkur minnka og húðin er full af orku eftir 8 tíma svefn með Youth surge næturkreminu. Láttu húðina vera unglegri lengur með nýja Youth surge night age decelerating night moisturizer, 50ml, til fyrir þurra, normal og blandaða húð.

Kemur í allar Clinique verslanir í næstu viku.



BIOThERM SKIN VIVO

Í hjarta hverrar frumu er DNA sem inniheldur gen sem tryggja lífsskiptingir allra frumna. Nýjar rannsóknir sýna að með aldrinum verður DNA fyrir skemmdum og frumugenin sem vinna gegn öldrun húðarinnar veikjast og það hægir á frumuendurnýjun sem hefur áhrif á öldrun húðarinnar. SKIN VIVO sem er framleitt með 8 einkaleyfum snýr við öldrunarferli húðarinnar. Með öflugum náttúrulegum innihaldsefnum er stuðlað að örvun frumuendurnýjunar. Húðin verður þéttari og sléttari, hrukkur og línur minnka sjáanlega rétt eins og þær séu fylltar innan frá og litarháttur verður jafn og ljómandi. Hentar fyrir konur frá 30

ára aldri. Viltu að húð þín líti út 10 árum yngri? Þá er Skin Vivo svarið. Algengt verð 50 ml krem 9.960 kr., serum 50 ml 9.960 kr., augngel 7.400 kr.

ÞAÐ VITA ALLIR AÐ SÚKKULADI LÉTTIR LUNDINA.

Í Delicious Self Tanning Cream er einstakt innihaldsefni, unnið úr hreinu kakó sem ber í sér sumarið, sama hvernig viðrar. Njóttu þess í senn að fá fullkomlega jafnan lit og ánægjulegan ilm á húð þína. Sólin gæti ekki gert betur. **Nýtt** Delicious Self Tanning Cream. Með Unsaponifiables of Cocoa er dýrmætasti hluti smjörnsins sem unnið er úr kakó bauninni. Einstakir nærandi og græðandi eiginleikar hjálpa til við að fyrirbyggja öldrun húðarinnar.





FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Anna Gunnisdís Guðmundsdóttir leiklistarnemi



Vakna um hádegi og borða Toblerone uppi í rúmi áður en ég fer fram úr.



Hugsa um að fara út að hlaupa en fara frekar í heita pottinn og brenna þar.



Taka eina góða skyndiákvörðun sem felur í sér ferðalag.



Sýna Bráðum hata ég þig í Nemendaleikhúsinu.

Enda daginn á löngu símtali við Tótu mína um tilgangseysi lífsins og karlmannna.



"HEY HEY BOMBAY"

LAU. 23.01

LAU. 06.02

FÖS. 26.02 -Uppselt

FÖS. 12.03 -Aukasýning

THE PIER OG GARDHEIMAR KYNNA

Bollywóð

Í VEISLUTURNINUM

AÐALHLUTVERK: YESMINE OLSSON ALI KHAN ARNAR GRANT

शहोरा



INDVERSK-ARABÍSK MATARVEISLA KRYDDUÐ MEÐ DANSATRÍÐUM ÚR FRÆGUSTU BOLLYWOODMYNDUNUM - SEIÐANDI STEMMING!



SIÁ MATSEÐIL Á VEISLUTURNINN.IS



BORDAPANTANIR Í SÍMA 575 7500 EÐA MIDI.IS



Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband: Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur

Fylgstu með